

20
17da
október.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Eptir að þér herra amtmadr með bréfi 13. apríl þ. á. höfðuð skýrt mér frá, að hreppstjórnir í Helgafellssveit hefðu, um leið og þeir sendu yðr vottorð hlutadeigandi sýslumanns um, að 150 rd. kornláns skuld, sem hvílt hefði á sveitinni væri borguð, farið þess á leit, að sveitin fengi uppgjöf á áföllnum vöxtum af skuld þessari, og látið allt yðar í ljósi um þetta málefni, var það horið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland og hefir hann 14. f. m. ritað mér á þessa leið:

«Um leið og þér herra landshöfðingi senduð hingað erindi amtmannsins yfir vestr- amti Íslands um að veitt yrði Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu uppgjöf á vaxtaskuldum tédra sveitar af kornláni því, er henni var veitt af styrktársjóði Íslands árið 1861, hafði þér í þóknarlegu bréfi frá 8. júní þ. á. skotið því til nánari í hugunar, hvort ástæða mundi vera til að leita samþykkis alþingis til, að vextir þeir, er bæði Helgafellssveit, — en vaxta- skuld hennar segið þér, að rétt reiknuð muni eigi nema meiru en 39 rd. 40 skj., — og 5 aðrir hreppar í nefndri sýslu eru í skuld um út af lánum, sem þeim voru veitt á nefndu ári, yrði gefnir þeim upp, en til vara, að Helgafellssveit verði veitt uppgjöf á 3 ára vöxt- um, eins og veitt var með konungsúrskurði 23. ágúst 1868 öðrum hreppum, er tóku þátt í láninu.

Af þessu tilefni skal þjónustusamlega gefið til þóknarlegrar vitundar, að meðan að eigi hefir verið sannað betr, en gjört hefir verið í ofanefndu bréfi amtmannsins yfir vestr- amtinu, að Helgafellssveit sé eigi fær um að greiða vaxta upphæð þá er getið var, og sem í sjálfa sér er litil, alitr ráðgjafinn það áhorfsmál að leita samþykkis konungs til, að upp- hæðin verði gefin upp, enda hefir hans hátígn, að því er snertir hreppa þá, er getið var í bréfi landshöfðingjans 25. nóvember f. á., þegar gjört út um málið með úrskurði þeim frá 24 febrúar þ. á. er yðr var kunngjörðr 27. s. m.

Þetta er hér með tjáð yðr herra amtmadr yðr til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það hlutadeigöndum.

21
17da
október.

Bréf landshöfðingjans (til stíptisyfirvaldanna).

Í tilefni af því, að embættismaðr einn hafði sótt um að fá 200 rd. lán úr landssjóði, er endrborgaðist mánaðarlega af launum hans í 2 ár, svarað samkvæmt bréfi ráðgjafans frá 18. f. m., að þetta yrði ekki veitt, þar sem það samkvæmt 5. grein opins bréfs 31. maí 1855 væri skilyrði fyrir því, að nokkuð væri galdið fyrir fram af embættislaun- um, að launin væru eigi meiri en 1000 rd., en embættismaðrinn hefði 1000 rd. árleg laun, auk 192 rd. viðbótar eptir lögum 26. marz 1870.

22
27da
október.

Bréf landshöfðingjans (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Þeir 50 rd. að síðar viðbætri launabót eða alls 62 rd., sem með kansellibréfi 6. ág. 1839 voru lagðir til fangavardarins í Reykjavík af dómsmálasjóði Íslands, eru, eins og hr. bæjarfógetanum er kunnugt, eptir að breyting varð um stundarsakir á stöðu fangavardar- ins árið 1862, með bréfi dómsmálastjórnarinnar frá 13. júlí 1863 fyrst um sinn lagðir til lögregluþjónanna í Reykjavík til skipta meðal þeirra eptir nánari ráðstöfun bæjarfógetans,

1) Með konungsúrskurði þessum var Neshreppum innan og utan Ennis, Eyraarsveit, Staðarsveit og Breiðavík- hreppi veitt fræstr í 2 ár, talið frá 1. jan. þ. á. til að greiða skuldir þær, er hvíldu á þessum hreppum út af kornláni árið 1860, en áskilið var, að hrepparnir skyldu greiða árlega vexti af þessum skuldum 4 af hundr- adi. Af eldri bréfum um kornlánskuld þessa skal hér vísað til bréfa dómsmálastjórnarinnar 20. júlí 1864, 11. október 1865 og 15. ágúst 1868 í stjórnartíðindum þeim, er bókmentafélagið hefir gefið út.

og er upphæð þessi fyrir yfirstandandi ár borguð lögregluþjónunum úr landssjóðnum, eptir að dómsmálasjóðrinn er runninn saman við hann.

En þar sem nú fyrir fullt og allt er búið að taka ákvörðun um laun fangavardarans við fangelsi Reykjavíkrkaupstaðar í sambandi við hegningarhúsið hér í bænum, verður samkvæmt bréfi ráðgjafans fyrir Ísland frá 18. f. m. eptirleidis að hætta að greiða ofanþefnda 62 rd., sem lagðir hafa verið til launa lögregluþjónanna; því þeir eru landssjóðnum óviðkomandi.

Þetta leiði eg ekki hjá mér að tjá hr. bjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar að því við bættu, að hætt verður að borga ofangreinda upphæð úr landssjóðnum með lokum yfirstandandi reikningsárs.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrundæminu).

Með þóknanlegu bréfi frá 27. þ. m. hefir hr. amtmaðrinn sent mér bréf frá sýslumanniinum í Dalasýslu af 29. f. m., er fer því fram, að breytt verði úrskurði vestrámtsins frá 29. júní þ. á. um dagpeninga þá, er honum berá sem settum dómara í gjálsóknum máli milli Ásgeirs bónda Einarssonar og umboðsmanns Strandasýsluhjarða. Með umgetnum úrskurði amtsins eru dagpeningar þeir, 3 rd. daglega, er sýslumaðrinn hefir reiknað sér, með skýrskotun til opins bréfs 21. marz 1800 og kansellibr. 28. júlí 1840, settir niðr í 1 rd. daglega, er það er bæði í úrskurðinum tekið fram, að dagpeningar þeir, sem sýslumaðrinn hefir reiknað sér í umgetnu máli, engan veginni séu of háir, þegar á það sé litið, hversu mjög peningar hafi lækkað í verði á hinum síðari tímum, og þar að auki ítrekað í álitni hr. amtmannsins frá 27. þ. m., að 3 rd. séu í sjálfu sér ekki of háir dagpeningar handa eimbættismönnum, og sýslumaðrinn í umræddu tilfelli ekki of haldinn af því, þó hann fengi þá dagpeninga, sem hann hefir reiknað sér. Samkvæmt þessu hefir hr. amtmaðrinn mælt með beiðni þeirri, er hér ræðir um.

Út af þessu skal hr. amtmanninum hér með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að þó að reglur þær um dagpeninga héraðsdómara í einkamálum, sem fylgja þær, séu að finna í aukatekjureglug. 10. sept. 1830, § 15, snertir þessi grein þó að eins þær athafnir, sem hlutaðeigandi dómari fremr í sínu eigin lögsagnarumdæmi. Sé hann þar á móti skipaðr til að gegna störfum setts dómara í öðru lögsagnarumdæmi, verður ekki betr séð, en að honum, bæði eptir edli hlutarins og anda laganna, beri full endrgjald útláta þeirra, er hann getr fært sönnur á, að hafi leitt af sjærveru hans frá heimili sínu, eða að dagpeninga verði að ákveða þannig, að þeir hrökkvi til borgunar útgjaldanna. Þar sem nú álíta verður, bæði eptir ásigkomulagi ferðar þeirrar, sem hér er umtalsefnið, eptir árstímanum, þegar hún átti sér stað, og eptir álitni hr. amtmannsins, að dagpeningar þeir, 3 rd. á dag, sem sýslumaðr Lárus Blöndal hefir reiknað sér, ekki fari fram yfir sannarleg útgjöld hans, veitist hr. amtmanninum hér með vald til, að borga honum umrædda dagpeninga, 3 rd. á dag, úr jafnaðarsjóði vestrámtsins.

Frumvarp til reglugjörðar um slökkvilið Reykjavíkrbajar.

1. grein¹.

[Allir verkfærir karlmenn í umdæmi Reykjavíkrkaupstaðar, að undanskildum konunglegum eimbættismönnum og bjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bjarins frá því þeir eru 18 vetra, en þeir eru fimmtugir, nema sjúkulefr hamli].

2. grein.

Sérhver slökkviliði er skyldr til að koma sjálf, er á hann er skorað af fyrirlidnum

1) Breytt af landshöfðingjannum.